Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu



Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Colleen Batey og Thomas McGovern

FS270-03263

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2005

© Fornleifastofnun Íslands 2005
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is
Kápumyndin er af kumli 2 í Saltvík

Adolf Friðriksson

Kumlin í Saltvík

Sumurin 2003 og 2004 voru rannsakaðar tvær grafir hjá Saltvík í Reykjahverfi, skammt sunnan Húsavíkur. Staðurinn er upp á lágri bungu í hrísmó, sunnan Gildrugils, um 950 m S eða SSA frá Saltvíkurbæ, og um 850 m austur af þjóðvegi.

Við fornleifaskráningu Birnu Lárusdóttur og athuganir höfundar í Saltvík árið 2002 var gengið fram á stað með ummerkjum sem minntu mjög á raskaðar forngrafir sem skoðaðar hafa verið á þekktum kumlstöðum. Fellur staðsetningin vel að þeirri almennu hugmynd að kuml hafi verið við fornar leiðir, því skammt austan hans eru margar, fornar reiðgötur, sem liggja norðan frá Saltvíkurbæ til suðurs með stefnu á Skarðaháls.

Uppgröfturinn fór fram með hléum dagana 31.7 til 6.9. 2003 og 27.7 til 13.8 2004. Í ljós komu tvö kuml og er það í fyrsta sinn í langan tíma sem kuml finnast við beina rannsókn, en ekki af tilviljun við jarðrask. Augljóst er að kumlin höfðu verið rofin á miðöldum, og stórlega skemmd, en með rannsókn var engu að síður hægt að bjarga margvíslegum upplýsingum, s.s. staðsetningu, lögun, gerð og áttahorf, vísbendingum um aldur og kyn fólksins, hluta haugfjár o.fl.

Kumlin standa á lágum en breiðum hól, um 100 m yfir sjávarmáli, og um 250 m í suður frá fornum bæjartóftum. Eins eru fornar bæjarleifar um 150 m vestan kumlanna. Á hólnum er áberandi ásetuþúfa.

Adolf Friðriksson rannsakaði leifar kumlanna og naut aðstoðar Stefáns Ólafssonar, Leifs Þórs Þorvaldssonar, Aaron Kendall, Janneke Zuyderwyk og Sophie Nicol. Colleen Batey greindi gripi, Hildur Gestsdóttir leifar mannsbeina og Thomas McGovern leifar dýrabeina.

Loftmynd af Saltvík og nágrenni. (Landmælingar Íslands)



Afstöðumynd. Kortið sýnir rústaþyrpingar í landi Saltvíkur. Kumlin tvö eru austan við syðri þyrpinguna.

KUML 1

Sunnarlega á hólnum, um 40 m norðan fornu götuslóðana sem liggja í átt til Saltvíkur, var lítil dæld ofan í hólkollinn. Hún virtist vera aflöng, um 120 sm löng, og um 60 sm breið, sneri nokkurn veginn N-S og var dýpst um 30-40 sm í suðurenda. Fast við norðurenda hennar vottaði fyrir grunnri skál eða dæld á yfirborði.

Opnað var svæði sem náði út fyrir dældirnar, 4 m langt (N-S) og 2 m breitt. Þegar torf og lyng var fjarlægt kom í ljós dökk mold, og þar undir þykkt lag af dökkleitri gjósku, sem reyndist vera gjóskulagið frá 1477. Utan dældarinnar voru um 8 sm niður á gjóskuna, en moldin var 20 sm þykk þar sem dældin var dýpst. Utan grafar, undir gjóskulagi 1477 var óhreyft, ljósleitt moldarlag sem náði niður (14-20 sm) að forsögulegri gjósku (H3) um 4 sm þykk, þar undir var H4. Undir henni var ljós mold og þá grá grús.

Leifar Kumls 1, frá suðri.

Gjóskulagið lá óslitið yfir allri gröfinni, um 2-3 sm þykkt, en lá í skafli neðst í dældinni, um 5 sm þykkt. Undir gjóskunni var blandað uppmoksturslag, með dökkri og ljósri mold, ljósum gjóskuflekkjum (H3), torfsneplum, og fínkornóttri möl sem kemur úr grúslaginu. Athyglisvert var að sjá hve reglulegt gjóskulagið frá 1477 var. Gjóskan virðist hafa fallið skömmu eftir að skurður hafi verið grafin í kumlið, og ekki var sýnilegt áfokslag á milli gjósku og uppmoksturs. Þegar uppmoksturslagið var hreinsað fram kom í ljós mjög óreglulegur niðurgröftur. Var hann breiðastur syðst (147 sm), með óreglulegum brúnum, mjóstur fyrir miðju (38 sm), en síðan breiðari, eða allt að 1 m, við norðurenda. Engin regluleg steinalögn lá yfir niðurgreftinum, einstaka steinn á stangli sunnan megin, en steinar lágu í einfaldri röð við vestur, norður og austurbrún í norðurenda. Allt voru það fremur litlir steinar, rúmlega hnefastórir. Ekki vottaði fyrir því að gröfin hafi verið upphlaðin né að mikið grjót hafi verið í henni upphaflega.



Kuml 1. Teikningin til vinstri sýnir niðurgröft beint undir 1477 gjóskunni, steina og fyllinguna í skurðinum. Á myndinni til hægri hefur fyllingin verið fjarlægð. Punktalína sýnir botn upphaflegra grafa. F1-3 sýnir hvar gripir fundust, hjá þeim lágu beinaleifar. Hrosshaus og fleiri beinaleifar fundust í miðri nyrðri gryfjunni.

Augljóst var að niðurgröfturinn sem við blasti var ekki hin upprunalega gröf, heldur ummerki um að henni hafi verið raskað síðar, en þó áður en gjóskulagið 1477 féll yfir hana. Erfitt var að greina upprunalega efri brún grafar, enda hún sundurgrafin og skemmd, og sennilega ekki hirt um að moka ofan í hana aftur. Hinsvegar mátti gera sér nokkra grein fyrir lögun og stærð hennar í botni skurðarins, þegar fyllingin hafði verið fjarlægð. Þá kom í ljós að þar voru tvær grafir. Syðri gröfin hefur verið um 1,70 m á lengd, og um 55 sm breið. Norðan hennar var um 20 sm breitt haft. Norðan

haftsins var sporöskjulaga gryfja, um 95 sm N-S, og 70 sm A-V. Yngri skurðurinn var allt að 40 sm djúpur og náði að mestu ofan í botn aflöngu grafarinnar, brúnirnar höfðu verið stungnar niður á ská og fjarlægðar. Upprunaleg gröf virðist hafa verið um 40 sm djúp. Ekki var sýnilegur munur á upphaflegri fyllingu, og þeirri sem raskað hafði verið. Var fyllingin fremur laus í sér efst, en þéttust út við brúnir grafarinnar. Svo virðist sem grafarræningi hafi grafið sig niður við suðurenda og þá grafið skurð þvert yfir gaflinn, en síðan elt gröfina til norðurs. Botn syðri grafar var nokkuð flatur, en skálarlega í nyrðri gröfinni. Grafirnar hafa upphaflega verið teknar í gegnum ljósa, óhreyfða mold, H3 og H4 og staðnæmst hefur verið við harðan ísaldargrúsinn í botni grafarinnar. Ekki sást landnámsgjóskusyrpan í sniðum grafarinnar, en það vottaði fyrir henni í torfi í fyllingunni.

Í suðurenda fannst hrafl af mannabeinum í fremur lélegu ásigkomulagi. Voru þau á botni grafarinnar við suðurgafl (radius) og út við brún, um 25 sm þar frá sem suðvesturhorn grafar hefur verið. Engin regla var á legu þeirra, og ljóst að þau hafa verið úr lagi færð, enda í lausu, hreyfðu lagi og þar sem mesta raskið hafði átt sér stað. Í uppmoksturslaginu, við suðurgafl grafarinnar fannst aflöng járnþynna (f1), og 5 önnur, smá og ókennileg járnbrot (f2-f3) við suðvesturhornið. Líklegt er að aflanga járnbrotið sé úr kistli, en hin brotin gætu verið leifar af viðgerð á járnpotti (sjá skýrslu Colleen Batey).

Í sporöskjulaga gryfjunni norðan við haftið var hrúga af beinum. Þar í voru bein úr hrossi og nokkur mannabein samanvið. Ofan á hrúgunni lá torfsnepill og í því vottaði fyrir grænni og svartri gjósku og má vera að sé úr landnámssyrpunni. Engir gripir fundust þar. Beinin eru úr fullorðnum einstaklingi, líklega konu. Um greiningu beina sjá skýrslur Hildar Gestsdóttur og Thomas McGovern.

KUML 2

Um 8 m NNV við kuml 1 var önnur, aflöng dokk, sneri N-S, sem eins og hin fyrri reyndist einnig vera gröf. Við rannsóknina var grafinn skurður sem var 210 sm langur ((N-S) og 100 sm breiður. Undir rótarlaginu var 18 sm þykkt, óhreyft, dökkbrúnt moldarlag sem lá yfir gjóskulaginu frá 1477. Gjóskan var 2-3 sm þykk og óslitin yfir öllu uppgraftarsvæðinu, þykkust í dældinni. Þegar gjóskan var fjarlægð komu

skurðbrúnir í ljós, steinar og marglit fylling í skurðinum. Á milli skurðfyllingar og gjóskunnar vottaði fyrir dökkbrúnni fokmold á stöku stað. Skurðbrúnir voru 22 sm neðan við yfirborð og náði fyllingin upp að skurðbrúnum svotil hringinn í kring, en í miðju, þar sem dældin hafði verið, var fyllingin aðeins um 5 sm þykk. Ljóst var á ummerkjum þessum að sá sem skurðinn gróf hefur ekki hirt um að moka ofan í hann aftur.

Fyllingin var blandað uppmoksturslag, með dökkri og ljósri mold, ljósum gjóskuflekkjum (H3/H4), torfsneplum, og gráleitri fíngerðri möl. Í torfinu vottaði fyrir svartri og dökkgrænni gjósku sem gæti verið úr landnámslagasyrpunni. Skurðurinn var aflangur frá norðri til suðurs, en mjög óreglulegur, um 190 sm langur, og um 90 sm breiður. Þegar fyllingin var fjarlægð sást að þessi skurður hefur verið grafinn ofan í gröf sem hefur verið ögn minni um sig. Grafarbotninn hefur líklega verið um 125 sm N-S, og 60 sm breiður. Ómögulegt er að segja um hve djúp gröfin hefur verið, enda yngri skurðurinn stærri, og upphaflegar grafarbrúnir stungnar burtu við síðari skurðgröft svo að aðeins var hægt að koma auga á 3-5 sm háan kant niður við grafarbotn á stöku stað. Grafarbotninn var fremur sléttur og nam við gráa grúsarlagið sem liggur undir moldinni, um 60 sm undir yfirborði. Utan grafar, undir gjóskulagi 1477 var óhreyft, ljósleitt moldarlag sem náði niður (20 sm) að forsögulegri gjósku (H3) um 4 sm þykk, þar undir er H4. Undir henni er ljós mold og þá grá, fín möl og smáar steinvölur.

Kuml 2. Myndin er tekin úr norðri.

Gröfin liggur eins og kuml 1, þ.e. í N-S, og öll ummerki hin sömu, nema að gröfin er stök. Engir gripir fundust í gröfinni og einungis hrafl af mannabeinum var í fyllingunni. Beinin eru úr fullorðnum manni, líklega karlmanni (sjá greiningu Hildar Gestsdóttur). Hefur þetta kuml einnig verið rofið á sínum tíma og þar var 1477 lagið eins og í kumli 1, þ.e. það þakti ummerkin um kumlrofið. Undir gróðurmoldinni var gjóskulagið, þar undir var óhreyfð rauðbrún mold, og niðurgröftur, fylltur með mjög blönduðu lagi af mold, forsögulegri gjósku og leirlitaðri grús.



Kuml 2. Teikningin til vinstri sýnir niðurgröft og fyllingu í honum. Til hægri er teikning af leifum upphaflegu grafarinnar, þ.e. grafarbotni, og beinaleifum.

Steinar úr kumlinu lágu hér og þar í fyllingunni og höfðu nokkrir verið lagðir í hrúgu norðaustan við brún þess. Sennilega hafa þessir steinar hulið kumlið áður. Eru þetta hnefastórir steinar, flestir um 15 sm í þvermál. Engir gripir fundust í kumlinu, en í fyllingunni í botni grafarinnar lágu fáein illa farin bein úr manni. Hluti af höfuðskel, kjálka og lærleggur við suðurenda, beinbrot sunnan miðju og í vesturbrún grafarinnar norðan miðrar grafar.

Niðurstöður og umræða

Rannsóknin á hólnum sunnan við Gildrugil í landi Saltvíkur leiddi í ljós greftrunarstað sem vafalaust er frá heiðni. Fundust þar 2 kuml. Eystra kumlið (kuml 1) hefur eflaust verið verið mannsgröf, með hest eða hrosshluta grafinn við norðurenda. Vestara kumlið var stakt. Ljóst er að kumlunum hafði verið verulega raskað og hefur það gerst skömmu áður en 1477 lagið féll. Gjóskulag frá um 1300 sést ekki í jarðvegi á þessum slóðum.

Ekki virðast fleiri grafir hafa verið á þessum hól. Á 2-3 stöðum eru dokkir í hólinn og efst á honum er áberandi ásetuþúfa. Eitt kuml virtist geta hafa leynst undir sjálfri ásetuþúfunni. Í kringum hana er lítilsháttar upphækkun. Nokkru neðar og vestar eru 2-3 aðrar lágar upphækkanir og lítið áberandi ásetuþúfa á þeirri vestustu, sem jafnframt er greinilegust. Allar virtust þessar þústir liggja nokkurn veginn eins við áttum og kumlin. Var því leitað frekari ummerkja með litlum kjarnabor og borað með um 100 sm bili yfir allan hólinn, án árangurs. Ekki vottaði fyrir lausu grjóti í jarðveginum, né hreyfðri mold. Á tveimur stöðum eru rofblettir, en ekki var að sjá nein ummerki um greftrun þar heldur.

Kumlin eru rétt vestan við gamlar götur. Þær liggja til norðurs í beina stefnu að Saltvík eða svo, og til suðurs yfir hæðarbrúnina ofan við hólinn og suðvestan við hann. Ekki er ljóst frá hvaða bæ kumlbúarnir eru. Þeir gætu verið frá Saltvík, en við fornleifaskráningu í Reykjahreppi 2002 komu fram miklar rústir í landi Saltvíkur, skammt suðvestan við bæinn. Sumarið 2003 var grafið í þrjár tóftir: tóft A, sem er við Gildrugil, næst Saltvíkurbæ, tóft B sem er í (nyrðri) tóftaþyrpingu við næsta gil vestan Gildrugils og tóft C sem er í (syðri) tóftaþyrpingu við sama gil. Í skurði í tóft A kom fram greinileg vegghleðsla og gólflag undir torfhruni. Yfir öllum mannvistarlögum liggur 1477 lagið, 1300 lagið sést ekki en landdnámssyrpan með 950 laginu og mannvistarlagi er í torfi. Í tóft B fannst torfveggur og örþunnt gólflag. Þar er 1477 einnig yfir öllu, en 1300 sést ekki og landnámssyrpa með 950 laginu í torfi. Í skurði í tóft C kom í ljós torfveggur og þunnt gólflag. 1477 liggur yfir mannvirkjaleifunum sem og 1300 lagið sem liggur svo til ofan á torfhruni. Ljóst er að í Saltvík hefur verið mikil byggð, allt frá landnámsöld, en hún hefur farið í eyði, og eða bæirnir fluttir á 15. öld eða fyrr.

Kumlin gætu verið frá öðrum hvorum þessara bæja. Eru þau heldur nær syðri bæjarleifunum, auk þess Gildrugil skilur á milli kumlanna og nyrðri bæjartóftanna.

Colleen A. Batey

Saltvik 2003 Finds Summary

There are four small groups of finds from different excavation trenches from the Saltvik site excavated in 2003.

Kuml 1

The three finds units from this mound are of fragmentary iron and it is consiered most likely that this is burial context rather than settlement debris.

F-1. One comprises two fragments of sheet iron , one of which has three rivets through it and obviously securing two metal sheet fragments together and the smaller has an incomplete rivet hole and two straight edges. Both pieces are not obviously conjoining but probably served the same original function.

F-2. A second find comprises three small fragments of which one is clearly a riveted iron sheet fragment. Fragments of such rivetted iron sheeting have been found elsewhere, for example at Gamlebyen, Oslo (Faerden 1990, fig 28 a) as part of an iron cauldron or cooking vessel. Discussion of the iron work from Viking levels at Coppergate in York by Ottaway, include the suggestion of potential manufacture of such rivetted vessels at the site, although this is not substantiated, it is clearly based on the amount of such rivetted thin metal plate of the type from Saltvik (Ottaway, 1992, 604) There are a small number of iron vessels which have been discovered from Viking graves in Iceland. Eldjárn lists five such vessels (2000,402-03) for example Hafurbjarnarstaðir, Miðneshreppur (*op cit*, 94-6) and Kornsá, Áshreppur (*op cit* 125-7).

F-3. The third find from this mound, are two conjoining iron pieces which seem to have been part of a bracket or mount, together they form a corner of a larger item, each seems to have a small rivet through its thickness. Close parallels are not readily available, but it is similar to a corner bracket illustrated by Ottaway from Viking Coppergate (1992, 643, fig 269 find 3487). X-ray examination may confirm whether there are other perforations along the length of the piece which no-longer have rivets in place.

Hildur Gestsdóttir

Mannabein

Sumarið 2004 voru alls níu bein grafin upp úr tveimur kumlum í Saltvík í Reykjahverfi. Grafið var í þessi kuml sumarið 2003 og þá fundust sjö bein. Í báðum tilfellum hafði verið hróflað við beinunum, og virtust engin þeirra vera á sínum stað í gröfinni.

Aðferðafræði

Þar sem beinin voru öll hreyfð úr stað, þá er mikilvægast að finna hver er minnsti mögulegi fjöldi einstaklinga (minimum number of individuals, MNI). Þetta er gert með því að flokka beinin, og ef möguleiki er, raða saman beinum úr sama einstakling, t.d. við liðamót eða hægra og vinstra bein úr sama einstakling. Til að ákveða MNI er algengasta beinið talið.

Í fimm tilfellum voru bein með kyngreinandi einkennum, fjögur höfuðkúpubein og eitt mjaðmarbein (sjá t.d. Schwartz, 1995 and Buikstra & Ubelaker, 1994). Í einu tilfelli var hægt að skrá tannslit til að skrá lífaldur (Helm & Prydö, 1979) og í einu tilfelli var hægt að gera mælingar á upparmlegg til að reikna líkamshæð byggt á stöðlum frá Steele & McKern (1969).

Niðurstöður

Kuml 1

Sex bein sem hægt var að greina sem mannabein fundust í kumli 1. Þar með talið eru brot úr ennisbeini, vinstri upparmlegg, hægri sveif, hægri mjaðmarbein, hægri lærlegg og vinstri sköflungi. Öll beinin eru brotin, og barkarbeinið hefur flagnað. Einungis mjaðmarbeinið ber kyngreinandi einkenni, og er það líklegast úr konu. Engin aldursgreinandi einkenni voru varðveitt í beinasafninu, en þó eru öll beinin úr fullvöxnum einstaklingi, þ.e. eldri en 18 ára. Ekki var hægt að mæla líkamshæð á

neinum beinum og enga meinafræðilegar breytingar voru skráðar. Auk þessara sex beina voru nokkur bein sem ekki var hægt að skilgreina, þar með talin sex brot úr rifbeinum sem gætu verið mannabein, brot úr leggjarbeini sem gæti verið sýktur lærleggur úr manni, og 73,94gr af beinum sem ekki var hægt að greina ferkar. MNI fyrir kuml 1 er einn. Frekari upplýsingar eru að finna í töflunni hér fyrir neðan.

Bone	Side	Segment	Condition	MNI	Count	Age	Sex	Context
Frontal	n/a	Glabella	Small fragment of glabella with part of the left orbit. Very flaked	1	1	?ad	n/a	K1- "robbers backfill, north end" - 2004
Humerus	L	Distal ⅓	The epiphysis is damaged and the entire bone flaked	1	1	?ad	n/a	K1- "robbers backfill, north end" - 2004
Radius	R	Proximal third	The head is damaged. The preserved part of the bone is broken in half, and there is flaking of the cortical bone.	1	1	?ad	n/a	K1-"robbers' backfill, S end" - 2003
Os coxa	R	Ilium	Small fragment of acetabulum & greater sciatic notch, flaked	1	1	?ad	F?	K1- "robbers backfill, north end" - 2004
Femur	R	Proximal third	The head and greater trochanter are absent. The cortical bone is dry and flaked.	1	1	?ad	n/a	K1-"SV-corner, robber´s backfill." – 2003
Tibia	L	Shaft	Both epiphyses are missing, the bone is flaked.	1	1	?ad	n/a	K1- "robbers backfill, north end" – 2004
TOTAL				**1**	**6**			

Kuml 2

Átta mannabein komu úr kumli 2. Langflest voru hausbein; brot úr hvirfilbeini, ekki hægt að greina úr hvorri hlið, hægri og vinstri gagnaugabein, ennisbein, hnakkabein og brot úr vinstri hluta kjálka með augntönn, fyrsta og öðrum forjaxli og fyrsta, öðrum og þriðja jaxli. Einnig fannst partur af tveimur upparmleggsbeinum. Köstin vantar á bæði beinin en annað er vinstra bein, en ekki er hægt að greina hlið á hinu. Varðveisla á beinum úr kumli 2 er almennt betri en í kumli 1, en þó er töluvert um að barkarbeinið hafi flagnað og flest beinin eru brotin.

Kyngreinandi einkenni á flestum hauskúpubeinunum benda til þess að þau séu líklegast úr karlmanni, fyrir utan hnakkabeinið, sem sýnir kvenleg einkenni. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að þessi bein séu úr sama einstakling. Slit á jöxlum bendir til þess að kjálkinn sé úr einstaklingi sem hefur verið eldri en 35 ára við dauða. Ekki er hægt að greina aldur á öðrum beinum, þó að þau séu greinilega öll úr

fullvöxnum einstaklingum þ.e. eldri en 18 ára. Mælingar á vinstri upparmlegg benda til þess að sé hann úr karlmanni hafi hann verið 163±4cm en ef um konu var að ræða þá hafi líkamshæð verið 161±4cm. Engar meinafræðilegar breytingar voru skráðar. MNI fyrir kuml 2 er einn. Frekari upplýsingar eru að finna í töflunni hér fyrir neðan

Bone	Side	Segment	Condition	MNI	Count	Age	Sex	Context
Parietal?	?	?	Portion of cranial bone, probably the parietal. The cortical bone is dry and flaked.	1	1	?	n/a	K2, backfill [E] – 2003
Temporal	R	Complete	There is fragmentation of the zygomatic process and the petrous portion. The cortical bone is dry and flaked.		1	?ad	M?	K2, backfill [F] - 2003
	L	Squamous portion	Two fragments, which match up. The mandibular fossa and part of the zygomatic process are present. The cortical bone is dry and flaked.	1	1	?ad	M?	K2, backfill [C] - 2003
Frontal	N/A	Complete	There is some damage to the left orbit. The cortical bone is dry and flaked.	1	1	?ad	M	K2, backfill [A] - 2003
Occipital	N/A	Nuchal area	No part of suture present, the fragment is dry and flaky.	1	1	?ad	F?	K2, backfill - 2004
Mandible	L	Body	Alveolar bone and teeth. Two fragments broken off.	1	1	35+	n/a	K2, backfill - 2004
Humerus	L	Shaft	The entire shaft is present, both epiphyses missing. The cortical bone is dry and flaked.		1	?ad	n/a	K2, backfill [B] - 2003
	?	Shaft	Middle ½ of humerus shaft, dry and flaky. Very little cortical bone present.	1	1	?ad	n/a	K2, backfill - 2004
TOTAL				**1**	**8**			

Umræða

Mannabein grafin upp í Saltvík 2003 og 2004 eru líklegast úr tveimur einstaklingum. Í kumli 1 var fullvaxinn einstaklingur, eldri en 18 ára, líklegast kona og í kumli 2 var líklegast karlmaður, eldri en 35 ára, 163±4cm á hæð. Engar meinafræðilegar breytingar voru skráðar.

Report of Bones from Saltvík, Northern Iceland

Dr. Thomas H. McGovern

Background

On August 9th 2004 Adolf Friðriksson of the Archaeological Institute Iceland revisited probable pagan burials near the farm of Saltvík just south of Husavík. The site has been subject of survey and test excavation in 2003 and three complexes of long hall and pit houses have been documented and tested, revealing an occupation just after the mid-10th c Veiðivötn tephra. During the 2003 season, two pre-christian graves were located and excavated, both proving to have been looted in the later Middle Ages just prior to the 1477 tephra fall. In 2004 Adolf was able to recover additional bone material from the robbers' spoil heap associated with burial KUML 1, including both horse and human bones. This report documents the zooarchaeological portion of this grave find.

Report

The bones included in this disturbed grave lot represent two species, human (Homo sapiens L.) and horse (Equus caballus L). Human bone (identified by Hildur Gestsdóttir) comprises multiple fragments of long bones, rib, cranium, and vertebral column, and are reported separately.

Horse Bones

2 Scapulae (Right and Left) fully adult

2 Innominate halves (Right and Left), fully adult

2 Incisors, adult with moderate – heavy wear

1 Occipital condyle

1 Phalanx 1, fully fused, metrics (Von den Dreisch 1976) Bp 50.0, SD 34.7, GL 76.6, Bd 44.0

3 cervical vertebrae, fully fused

4 thoracic vertebrae, fully fused

1 sacrum (fragmentary)

3 vertebral fragments

1 Radius + Ulna, Right, (fused), radius Bp 79.0, SD 39.0

1 Femora left, whole, fully fused proximally and distally. SD 40.00, GL 290.0, Bd 90.09 (NB no osteometric box available, GL approx.).

2 Mandible halves (Right and Left), match at mental symph. Fully adult dentition, moderate to heavy wear (ca "g" in Grant system).

2 Maxilla halves (Right and Left) match along palate. Fully adult dentition, moderate to heavy wear (ca "g" in Grant system).

Total NISP = 23 horse bones (matched mandible and maxilla are counted as single elements).

Discussion: This disturbed horse skeleton probably represents a single individual, with the matching tooth rows and fully consistent aging pattern suggesting a fully mature animal of at least five years. Adult but not aged, this horse is approximately the size of many modern Icelandic horses.

Thomas H. McGovern

CUNY Northern Science
and Education Center
NORSEC
CUNY Doctoral Program in Anthropology
Brooklyn College Zooarchaeology Laboratory
Hunter College Bioarchaeology Laboratory
August 11th 2004

NORSEC Zooarchaeology Laboratory REPORT No.20

August 11th , 2004
Contact: nabo@voicenet.com
A product of the North Atlantic Biocultural Organization (NABO) Research Cooperative.

Heimildir

Buikstra, J.E. & Ubelaker D.H. 1994. *Standards for Data Collection from Human Skeletal Remains.* (Arkansas Archaeological Survey Research Series No.44).

Faerden, G. 1990. Metallgjenstander, in E Schia and PB Mollaug eds. 181-292.

Helm, S. & Prydsö, U. 1979. Assesment of age at death from mandibular molar attrition in medieval Danes. *Scandinavian Journal of Dental Research* **87**: 79-90.

Kristján Eldjárn and Adolf Friðriksson. 2000. *Kuml og Haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2nd ed. (Mál og menning: Reykjavík).

Ottaway, P. 1992. *Anglo-Scandinavian Ironwork from Coppergate*. The Archaeology of York. The Small Finds, 17/6. Council for British Archaeology.

Schwartz, J.H. 1995. *Skeleton Keys.* (Oxford University Press: Oxford).

Schia, E. & Mollaug, P.B. 1990.*De Arkeologiske Utgravninger i Gamlebyen, Oslo. Bind 7. Dagliglivets Gjenstander – del 1*, Ovre Ervik.

Steele, D.G. & McKern, T.W. 1969. A Method for Assessment of Maximum Bone length and Living Stature from Fragmentary Long Bones. *American Journal of Physical Anthropology* **31**: 215-228.

Von den Dreisch, Angela, 1976 *Measurement of Animal Bones from Archaeological Sites,* Peabody Museum monographs.

Frumgagnaskrá

Teikningar
Blað 1. Kuml 1. A3. Grunnmynd, þversnið 1:20, dags 2.8.2003 (AF)
Blað 2. Kuml 1. A3. Grunnmynd, 1:20, dags 8.8.2003 (SCN)
Blað 3. Kuml 1. A3. Grunnmynd, 1:20, dags 9.8.2004 (AF)
Blað 4. Kuml 2. A3. Grunnmynd, snið, 1:20, dags. 2.8.2003 (AF)
Blað 4. (sama blað) Afstöðumynd, 1:200, 2.8.2003 (AF)
Blað 5. Kuml 2. A3. Grunnmynd, 1:20, dags 2.8.2003 (AF)
Kuml 1. 9 Context blöð.

Ljósmyndaskrá (1 blað).

Ljósmyndir
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:1
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:2
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:3
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:4
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:5
Saltvík 03-140803 Kuml2, ofan. Mynd 2003:6
Saltvík 03-140803 Kuml2, ofan. Mynd 2003:7
Saltvík 03-140803 Kuml2, ofan. Mynd 2003:8
Saltvík 03-140803 Kuml2, ofan. Mynd 2003:9
Saltvík 03-140803 Kuml2, ofan. Mynd 2003:10
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:11
Saltvík 03-140803 Kuml1, ofan. Mynd 2003:12
Saltvík 04-260703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:1
Saltvík 04-260703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:2
Saltvík 04-260703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:3
Saltvík 04-290703 Kuml2, ofan. Mynd 2004:4
Saltvík 04-290703 Kuml2, ofan. Mynd 2004:5
Saltvík 04-290703 Kuml2, ofan. Mynd 2004:6
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:7
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:8
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:9
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:10
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:11
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:12
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:13
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:14
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:15
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:16
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:17
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:18
Saltvík 04-290703 Kuml1, hross, sunnan. Mynd 2004:19
Saltvík 04-290703 Kuml1, from S. Mynd 2004:20
Saltvík 04-290703 Kuml1, from S. Mynd 2004:21
Saltvík 04-290703 Kuml1, horse from S. Mynd 2004:22
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:23
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:24
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:25
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:26
Saltvík 04-290703 Kuml1, ofan. Mynd 2004:27.